

„Meira rokk“

GUÐMUNDUR JÓNSSON, gítarleikari og höfuðlagasmiður Sálarinnar hans Jóns míns, er með sólóplötu í burðarliðnum, þá fyrstu á löngum ferli. Er útgáfa áætluð í byrjun apríl.

Það er bara atgangur í þér ...

„(Hlær) Ja ... það virkar kannski þannig en það ber að athuga að síðasta plata, *Vatnið*, var tekin upp fyrir meira en ári. Þannig að það er búið að safnast saman slatti af músík. Ástæðan fyrir þessu er einföld: Sálin er komin í frí og ég get bara ekki hætt að semja popplög. Ég verð að játa mig sigraðan!“

Hvernig vannstu plötuna?

„Þegar á að vinna svona sólóverkefni koma tvær leiðir til greina. Að húa í fjölda aðstoðarfólks eða gera þetta mestmegnis sjálfur. Ég valdi síðari leiðina. Bæði tónlist og textar eru eftir mig og platan er því frekar persónuleg, ég syng t.a.m. sjálfur. En ég fékk svo til aðstoðar þá Jakob Smára



Guðmundur Jónsson

Magnússon á bassa og Birgi Nielsen á trommur. Svo tökum ég og Helgi Björns líka einn dúett saman. Það voru ekki miklir peningar til þannig að þetta var tekið upp fljótt og vel.“

Á hvaða hátt er þetta efni öðruvísi en t.a.m. það sem þú hefur samið fyrir Sálina?

„Þetta er aðallega meira rokk. Annars var ég ekki meðvitað að reyna að fjarlægast Sálarhljóminn en ég leyfi mér að taka löng og leiðinleg gítarsóló (hlær). En já ... Sálin var einfaldlega búin að vera á fullu í fjögur eða fimm ár og mig langaði til að snúa við blaðinu og reyna eitthvað nýtt. Þannig er þessi plata til komin.“

arnart@mbl.is